

REGLUGERÐ

um

**breyting á reglugerð nr. 57, 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði
í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.**

1. gr.

Í landhelgi fyrir framan strandlengju Keflavíkurhrepps skal leyft að nota dragnætur til fiskveiða á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember þ. á.

Mörk milli Vatnsleysustrandarhrepps og Keflavíkurhrepps eru: Innri-Skora á Vogastapa miðuð við Súlur á Reykjanesi, og mörk milli Keflavíkurhrepps og Gerðahrepps eru: Lína um Merkjastein á Hellunefi um Keflavíkurborg, sem er tóft sunnan Gerðavegar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.